

2010 nr. 91 25. júní**Lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna**

Tóku gildi 2. júlí 2010. Breytt með L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011).

■ **1. gr.** Álykti Alþingi að fram skuli fara almenn og leynileg þjóðaratkvæðagreiðsla um tiltekið málefni eða lagafrumvarp fer um framkvæmdina samkvæmt lögum þessum. Niðurstaða slíkrar atkvæðagreiðslu er ráðgefandi.

□ Lögin gilda einnig um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu sem fer fram skv. 3. mgr. 11. gr., 26. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

■ **2. gr.** Um kosningarrétt og kjörskrár til afnota í þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 1. gr. fer á sama hátt og við alþingiskosningar. Kjörskrár skulu þó miðaðar við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag.

□ Mörk kjördæma skulu vera hin sömu og í næstliðnum alþingiskosningum.

■ **3. gr.** Í þingsályktun skv. 1. mgr. 1. gr. skal, að fenginni umsögn landskjörstjórnar, kveðið á um orðalag og framsetningu þeirrar spurningar sem lögð er fyrir kjósendur.

□ Á kjörseðli skal skýrt koma fram spurning um hvort kjósendi samþykki þá tillögu sem borin er upp og gefnir tveir möguleikar á svári: „Já“ eða „Nei“.

□ Alþingi getur ákveðið að spurningar og svarkostir á kjörseðli í atkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. 1. gr. séu fleiri eða orðaðir með öðrum hætti.

□ [Ráðuneytið]¹⁾ ákveður orðalag og framsetningu spurningar á kjörseðli í atkvæðagreiðslu skv. 3. mgr. 11. gr., 26. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

□ [Innanríkisráðherra]¹⁾ setur nánari reglur um útlit og frágang kjörseðla.

¹⁾ L. 162/2010, 201. gr.

■ **4. gr.** Þjóðaratkvæðagreiðsla skv. 1. mgr. 1. gr. skal fara fram í fyrsta lagi þremur mánuðum og í síðasta lagi einu ári eftir að þingsályktunartillaga hefur verið samþykkt á Alþingi.

□ Þjóðaratkvæðagreiðsla skal fara fram innan tveggja mánaða eftir að krafa Alþingis er samþykkt skv. 3. mgr. 11. gr. stjórnarskrárinnar eða forseti synjar lagafrumvarpi staðfestingar skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar.

□ Heimilt er að halda þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt lögum þessum samhliða kosningum til sveitarstjórna eða Alþingis eða forsetakjöri. Verði þjóðaratkvæðagreiðsla samhliða kosningum til Alþingis gilda ekki ákvæði 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 2. gr.

■ **5. gr.** Alþingi ákveður kjördag þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. 1. gr. laga þessara og 3. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar innan þeirra tímamarka sem greinir í 4. gr. [Ráðuneytið]¹⁾ ákveður kjördag þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar.

□ [Ráðuneytið]¹⁾ skal auglýsa atkvæðagreiðsluna einu sinni í Lögbirtingablaði og þrisvar sinnum í Ríkisútlitum á sem heppilegustum tíma en í síðasta lagi einum mánuði fyrir atkvæðagreiðsluna. Þar skal einnig birta spurninguna sem lögð verður fyrir kjósendur.

¹⁾ L. 162/2010, 201. gr.

■ **6. gr.** Alþingi skal standa fyrir víðtækri kynningu á því málefni sem borið er undir þjóðaratkvæði skv. 1. mgr. 1. gr. Forsætisnefnd Alþingis skal setja nánari reglur um fyrirkomulag kynningar.

□ [Ráðuneytið]¹⁾ skal svo fljótt sem verða má og eigi síðar en viku fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar senda öllum heimilum í landinu sérprentun laganna sem forseti synjaði staðfestingar. Þar skal jafnframt vakin athygli á því að frumvarpið til laganna og öll skjöl varðandi meðferð þess séu aðgengileg á áberandi stað á vefsíðu Alþingis.

¹⁾ L. 162/2010, 201. gr.

■ **7. gr.** Undirkjörstjórnir, yfirkjörstjórnir og landskjörstjórnir eru hinar sömu og við alþingiskosningar.

■ **8. gr.** [Ráðuneytið]¹⁾ lætur yfirkjörstjórnnum í té kjörseðla sem nota skal við þjóðaratkvæðagreiðsluna. Yfirkjörstjórnir annast framsendingu þeirra til undirkjörstjórna með sama hætti og kjörseðla við alþingiskosningar.

¹⁾ L. 162/2010, 201. gr.

■ **9. gr.** Að þjóðaratkvæðagreiðslu lokinni senda undirkjörstjórnir oddvita yfirkjörstjórnar tafarlaust atkvæðakassana og ónotaða og ónýtt kjörseðla í þeim umbúðum er segir í lögum um kosningar til Alþingis og skulu yfirkjörstjórnir senda gögnin til landskjörstjórna.

□ Talning atkvæða fer fram fyrir opnum dyrum hjá landskjörstjórn. Hún skal auglýsa með nægum fyrirvara hvenær hún komi saman til að opna atkvæðakassa og hefja talningu atkvæða. Landskjörstjórn getur kvatt yfirkjörstjórnir í kjördæmunum í Reykjavík sér til aðstoðar. Um meðferð atkvæða, gildi þeirra og framkvæmd talningar fer eftir lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á. Heimilt er að beita raf-rænum aðferðum við talningu. Landskjörstjórn úrskurðar um gildi atkvæða sem eru haldin einhverjum annmörkum og skal afl atkvæða ráða úrslitum.

□ Landskjörstjórn skal skipa umboðsmenn sem hafa það hlutverk að gæta sjónarmiða andstæðra fylkinga við atkvæðagreiðsluna og úrlausn ágreiningsmála.

■ **10. gr.** Að lokinni talningu atkvæða sendir yfirkjörstjórn landskjörstjórn eftirrit af gerðabók sinni ásamt þeim kjörseðlum sem ágreiningur hefur verið um. Þegar landskjörstjórn hefur fengið í hendur eftirrit gerðabóka allra yfirkjörstjórna og ágreiningsseðla úrskurðar hún um gildi ágreiningsseðlanna, lýsir úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslunnar og tilkynnir [ráðuneytinu]¹⁾ þar um.

□ [Ráðuneytið]¹⁾ auglýsir úrslit atkvæðagreiðslunnar í Lögbirtingablaði og Ríkisútlitum.

□ Verði samþykkis synjað í þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar skal [ráðuneytið]¹⁾ auk þess birta sérstaka auglýsingu þess efnis í A-deild Stjórnartíðinda ekki seinna en tveimur dögum eftir að úrslit atkvæðagreiðslunnar liggja fyrir.

¹⁾ L. 162/2010, 201. gr.

■ **11. gr.** Til þess að spurning eða tillaga sem er borin upp í þjóðaratkvæðagreiðslu teljist samþykkt þarf meiri hluti þeirra sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni að fylgja tillögunni.

■ **12. gr.** Um atkvæðagreiðsluna sjálfa, undirbúning hennar og atkvæðagreiðslu utan kjörstaða og á kjörstað fer að öðru leyti samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

□ Kjörstjórnir nota sömu gerðabækur og við alþingiskosningar.

□ Ákvæði 114. gr. og XIX., XX., XXIV. og XXV. kafla laga um kosningar til Alþingis gilda um atkvæðagreiðslu samkvæmt lögum þessum að svo miklu leyti sem við getur átt.

■ **13. gr.** Kjósandi getur sent kærur um ólögmati þjóðaratkvæðagreiðslu, aðra en refsikærur, til Hæstaréttar eigi síð-

ar en sjö dögum frá því að [ráðuneytið]¹⁾ auglýsir úrslit atkvæðagreiðslunnar.

Landskjörstjórn veitir Hæstarétti umsögn um atkvæðagreiðsluna. Umsögn skal veitt óháð því hvort kæra hafi borist skv. 1. mgr.

Að fenginni umsögn landskjörstjórnar getur Hæstiréttur ákveðið að ógilda niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar ef

verulegur ágalli hefur verið á framkvæmd hennar sem ætla má að hafi haft áhrif á niðurstöðu hennar. Séu slíkir verulegir ágallar á framkvæmd atkvæðagreiðslunnar í einu eða fleiri kjördæmum getur Hæstiréttur ákveðið að hún fari aftur fram þar.

¹⁾ L. 162/2010, 201. gr.

■ **14. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.